



Alþingi
Erindi nr. P 140/2013
komudagur 1.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Skagaströnd 30. apríl 2012

Efni: Þingmál 657. Athugasemdir sveitarstjórnar Skagastrandar við einstaka þætti frumvarps til laga um stjórn fiskveiða og frumvarpið í heild sinni.

Sveitarstjórn Skagastrandar lýsir miklum áhyggjum ef frumvarp til laga um stjórn fiskveiða verður samþykkt óbreytt og telur ákveðin atriði í fyrirhuguðum lagatexta geta valdið miklum byggðalegum skaða. Sveitarstjórnin gerir því til áréttingar athugasemdir við eftirfarandi greinar:

Í 1. gr. frumvarpsins eru markmið laganna skilgreind:

- a. að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland,
 - b. að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi,
 - c. að treysta atvinnu og byggð í landinu,
 - d. að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu,
 - e. að sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.
- Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Íslenska ríkið veitir tilskilin leyfi, fer með og ráðstafar hvers kyns heimildum til nýtingar. Slík veiting eða ráðstöfun myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim.

Sveitarstjórn tekur undir þau meginmarkmið sem sett eru með frumvarpinu og lítur svo á að allt frumvarpið skuli skoðast í því ljósi en hefur jafnframt hagsmuni Íslenskra sjávarbyggða að leiðarljósi í athugasemdum um það.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um úthlutun samkvæmt aflahlutdeildum.

Hafi nytjastofni, sem veiðar eru takmarkaðar úr skv. 7. gr., verið ráðstafað í aflahlutdeildir, skal ráðherra með reglugerð skipta heildaraflamarki hvers fiskveiðiárs í stofninum í flokka sem hér segir:

1. *Flokkur 1:* Samkvæmt aflahlutdeildum og krókaaflahlutdeildum, sbr. IV. kafla.
 2. *Flokkur 2:* Samkvæmt annarri aflahlutdeild, sbr. VI. kafla.
- Verði ákveðinn heildaraflí þorsks fyrir fiskveiðiár, sbr. 1. mgr., sem nemur meira en 202.000 lestum, fyrir ýsu sem nemur meira en 66.000 lestum, fyrir ufsa sem nemur meira en 50.000 lestum eða fyrir steinbít sem nemur meira en 14.000 lestum skulu 60% þess aflamarks sem umfram er í hverri tegund renna til flokks 1 og 40% til flokks 2.



Sveitarstjórn leggur til að 8. grein frumvarpsins verði felld út eða henni umbylt þar sem hún fellur ekki undir þau markmið sem sett eru í b), c), d) og e) liðum 1. gr. frumvarpsins.

Sveitarstjórn telur einboðið að 8. greinin muni í óbreyttri mynd hafa mjög neikvæð áhrif á eðlilega þróun sjávarútvegsfyrirtækja og sé líkleg til að valda miklum atvinnulegum og þar með byggðalegum skaða á sjávarbyggðum. Sveitarstjórn litur svo á að það hljóti að vera fullkomlega óeðlilegt að löggjafarvaldið skapi atvinnulega og byggðalega mismunun með lagatexta og ástundi með því móti forræðishyggju í atvinnumálum langt umfram það sem talist getur eðlilegt af hálfu þess stjórnvalds.

Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um leyfi til að nýta aflahlutdeild.

Til og með 1. ágúst 2012 býðst eigendum þeirra skipa sem þá ráða yfir aflahlutdeild að staðfesta hjá Fiskistofu, með undirritun eða öðrum fullgildum hætti, að gangast undir leyfi til að nýta aflahlutdeild til 20 ára frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013 að telja. Tefjist veiting leyfis umfram frest þennan af ástæðum sem ekki varða stjórnvöld er viðkomandi aðila óheimilt að nýta aflamark frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013. Aflaheimildum hans verður ráðstafað til flokks 2 hinn 1. desember 2012 hafi hann á þeim tíma ekki gengist undir leyfið.

Með hliðsjón af athugasemd við 8. gr. leggur sveitarstjórn til að ráðstöfun aflaheimilda verði í sama flokki og þær koma úr.

Fiskistofa gefur út nýtingarleyfi. Leyfi til að nýta aflahlutdeild felur í sér ígildi samkomulags milli ríkisins og handhafa leyfis um handhöfn þeirra hlutdeilda sem leyfinu fylgja til afmarkaðs tíma. Leyfishafi viðurkennir að honum er veittur aðgangur að sameiginlegri og ævarandi eign þjóðarinnar, honum er skylt að fara að lögum á sviði fiskveiðistjórnar og ber að greiða gjald fyrir nýtingarheimild sína. Bæði leyfishafi og íslenska ríkið skuldbinda sig til að viðhalda og varðveita nytjastofnana sem leyfið er byggt á. Með nýtingarleyfinu skal fylgja skrá um aflahlutdeildir skipsins. Framsal leyfisins er ekki heimilt, hvorki að hluta né heild.

Sveitarstjórn litur svo á að með þessu ákvæði sé verið að hamlar hagræðingu í sjávarútvegi og því falli það ekki undir markmið sem sett eru með d) og e) lið 1. greinar frumvarpsins. Lagt er til að undirstrikuð setning falli niður.

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um framsal aflahlutdeilda.

Fiskistofa skal leyfa flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa, ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

1. Flutningur aflahlutdeildar leiðir ekki til þess að aflaheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.
2. Fullnægjandi upplýsingar um kaupverð aflahlutdeildar fylgja.
3. Skip sem flutt er til hefur almennt veiðileyfi.
4. Framsal fellur ekki undir takmörkun skv. 13. gr.

Þegar aðilaskipti verða að fiskiskipi, eða aflahlutdeild er flutt milli fiskiskipa skv. 1. mgr., skal Fiskistofa skerða aflahlutdeild fiskiskipsins, eða þá aflahlutdeild sem er framseld, um 3% og ráðstafa í flokk 2. Til aðilaskipta teljast kaup og sala, sameining og vfiirtaka.



Lagt er til að undirstrikaðri málsgrein verði sleppt eða henni umbylt þar sem hún er í fullkominni andstöðu við þau markmið sem sett eru í b), c), d) og e) liðum 1. greinar frumvarpsins. Upptaka aflaheimilda og lögbinding á ráðstöfun þeirrar upptöku í sérstaka sérvalda flokka er ekki til þess fallin að stuðla að hagræðingu eða heppilegri byggðapróun.

Þetta gildir ekki um flutning aflahlutdeilda milli skipa í eigu eins og sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

Hámark á framsali aflahlutdeildar einstakra tegunda af skipi skal vera hlutfall heildaraflamarks í viðkomandi tegund eins og því var úthlutað fiskveiðiárið 2011/2012 og heildaraflamarks í tegund á því ári sem framsal fer fram. Hlutfall þetta skal margfalda með aflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund og útkoman segir til um hve stóran hluta af aflahlutdeildinni er heimilt að framselja. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Heimild til framsals aflahlutdeilda samkvæmt þessari grein fellur niður við upphaf fiskveiðiársins 2032. án tillits til framlengingar leyfa skv. 3. mgr. 11. gr. og útgáfu nýrra leyfa skv. 4. mgr. 11. gr.

Lagt er til að undirstrikaðri málsgrein verði breytt eða hún felld út úr frumvarpinu. Ef það er rétt skilið að löggjafarvaldið telji að allri þróun í sjávarútvegi verði lokið árið 2032 og eftir það þurfi engar breytingar að gera á meðferð heimilda til nýtingar, hlýtur það að teljast annað hvort mikið álit á þeim lagatexta sem nú er settur fram eða skortur á skilning á þeirri sífelliðu endurnýjun sem sjávarútvegur hefur verið að - og mun þurfa að ganga í gegnum.

Í 16. gr. er fjallað um krókaafلامarksskip.

Krókaafلامark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar fiskiskipa sem hafa veiðileyfi til veiða með krókaafلامarki. Þó er ráðherra heimilt að veita krókaafلامarksskipum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum. Ráðherra er heimilt að setja reglur um leyfðan meðafla krókaafلامarksskipa.

Krókaafلامlutdeild verður aðeins flutt til skips sem hefur veiðileyfi með krókaafلامarki. Aflahlutdeild skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki verður ekki flutt á skip sem hafa veiðileyfi með krókaafلامarki. Sama gildir um aflamark að breyttu breytanda

Að öðru leyti gilda um krókaafلامlutdeildir og krókaafلامark allar sömu reglur og í lögum þessum gilda um aflahlutdeildir og aflamark.

Lagt er til að undirstrikuðu ákvæði verði breytt þannig að heimilt verði að flytja aflahlutdeild úr aflamarki yfir á krókaafلامark. Í ljósi þeirrar reynslu sem verið hefur af núverandi kerfi er eindregið mælt með umræddri breytingu og litið til þess að með því muni frekar nást fram markmið b) og c) liða 1. greinar frumvarpsins.

Heimildir til að leigja úr aflamarki yfir í krókaafلامark hafa verið miklir hagsmunir fyrir Skagaströnd. Á grunnslóð Húnaflóa hefur undanfjarin ár verið mikil ýsugengd. Minni bátar hafa sótt á þessi mið og leigt til sín heimildir úr aflamarkskerfinu. Þessar veiðar hafa verið ein af forsendum fiskamarkaðarins á staðnum sem er mjög öflugur og hefur byggt umsvif sín á stórum hluta á sókn aðkomubáta til ýsuveiða í Húnaflóa. Hverfi sá möguleiki útgerða að leigja úr aflamarki yfir í krókaafلامark eru allar forsendur fyrir fiskamarkaðnum breyttar.



Sem síðan þýðir minni atvinnu og mikla tekjuskerðingu hafnarinnar og þjónustuaðila á staðnum.

Í 18. gr. frumvarpsins er fjallað um aðra aflahlutdeild.

Aflamarki í nytjastofnum, sem kemur til ráðstöfunar á hverju fiskveiðiári samkvæmt aflahlutdeild í flokki 2, sbr. 8. gr., skal með reglugerð skipt til úthlutunar á kvótapingi skv. 19. gr., til strandveiða skv. 20. gr. og til ráðstafana skv. 20.–24. gr. Um flutning þess gilda ekki ákvæði IV. kafla nema annað sé tekið fram.

Frá og með fiskveiðiárinu 2015/2016 er heimilt að ráðstafa tilteknu magni aflahlutdeilda sem ríkið hefur vfir að ráða samkvæmt flokki 2 til að stuðla að nýliðun með útgáfu nýrra nýtingarlevfa. Verða bá slík nýliðunarlevfi annaðhvort boðin út eða úthlutun þeirra bundin svæðum sem hallað hefur á í atvinnu- og byggðalegu tilliti. Ráðherra leggur fyrir Alþingi, á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 2013, skýrslu um meðferð og ráðstöfun heimilda í flokki 2 ásamt tillögu til þingsályktunar um hlutfallslega skiptingu árlegs aflamarks sem kemur til ráðstöfunar samkvæmt þessum kafla.

Lagt er til að 18. gr. verði tekin til heildarendurskoðunar og mjög varað við handstýringu ráðherra eða löggjafarsamkomunnar á aflamarki í sérstökum flokki sem er ráðherra eða löggjafarsamkomu kunna að vera þóknanlegri en aðrir útgerðarflokkar á hverjum tíma.

Í 19. gr. er fjallað um ráðstöfun til kvótapingis.

Heimilt er að ráðstafa aflamarki um kvótaping. Í reglugerð er heimilt að skilyrða hluta ráðstöfunarinnar við útgerðir sem eru staðsettar á tilteknum svæðum að bundnum nánari skilyrðum.

Tekjur sem aflað er við ráðstöfun aflamarks úr flokki 2 samkvæmt þessari grein renna í sérstakan sjóð á vegum ráðherra. Úr sjóðnum er ráðstafað samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Skal ríkið njóta 40% tekna, sveitarfélög 40% og markaðs- og brúnarsjóður tengdur sjávarútvegi 20%.

Þótt sveitarstjórn leggist ekki beinlínis gegn þeirri hugmynd að sveitarfélög njóti góðs af þeim tekjum sem aflast vegna ráðstafana kvótapingis er bent á og varað við að sveitarfélög eru mörg og misjöfn bæði að stærð og hagsmunum af sjávarauðlindinni. Er vandséð að umrædd ráðstöfun muni ná þeim markmiðum sem sett eru fram í b) og c) liðum 1. gr. frumvarpsins.

Í 20. gr. frumvarpsins er fjallað um strandveiðar.

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra ráðstafa 6.665 borskígildum í borski og ufsa til veiða með handfæri á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst. Skipting milli tegunda er ákveðin með reglugerð. Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og levfi til þeirra veiða strandveiðilevfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda. Aflaheimildum sem ráðstafað er til strandveiða skal skipt á fjögur landsvæði.

Þótt strandveiðar hafi vissulega komið ákveðnum hópi „áhugaveiðimanna“ og nokkrum smæstu útgerðum til góða verður ekki fram hjá því litið að umræddum 6.665 borskígildum verður ekki ráðstafað nema einu sinni úr hinum sameiginlega ramma til veiðiheimilda. Af því



leiðir að þær útgerðir sem nú berjast í skuldugum bökkum hafa minni heimildir til að veiða og þeir sem hafa sjómennsku að aðal- og lífsstarfi því lakari kjör.

Það leikur því mikill vafi á að strandveiðar almennt geti fallið undir b), c), d) og e) liði 1. greinar laganna. Sveitarstjórn skorar því á Alþingi að endurmeta þá stefnu sem mörkuð er með 20. gr. frumvarpsins.

Í 45. gr. er fjallað um breytingar á öðrum lögum. Þar kemur m.a. fram:

- i. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: sbr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða.
- j. Við 17. gr. bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:
Telji Fiskistofa að fyrir liggi rökstuddur grunur um að vigtunarlevfishafi fari ekki að lögum og reglum um vigtun og skráningu sjávarafla er Fiskistofu heimilt að krefja vigtunarlevfishafa um greiðslu alls kostnaðar við sérstakt eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafla hjá viðkomandi vigtunarlevfishafa. Skal vigtunarlevfishafa tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Skal vigtunarlevfishafi greiða allan kostnað við slíkt eftirlit, þar með talinn launakostnað eftirlitsmanna.

Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að Fiskistofa geti á forsendum grunsemda stofnað til stórfellds kostnaðar fyrir hafnir með því að krefjast greiðslu allra útgjalda sem Fiskistofu kynni að detta í hug að stofna til vegna grunsemda sinna. Á sama tíma og starfsmenn hafna eru með lögnum bundnir í nauðungarvinnu við vigtun sjávarafla, án endurgjalds, er alls ólíðandi að geðþóttabundnar grunsemdir geti leitt til mikils kostnaðar fyrir hafnir og starfsmenn þeirra. Gerð er krafa um að þessi hluti 45. gr. frumvarpsins verði tekinn til gagngerrar endurskoðunar þar sem m.a. verði litið til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Í VII. kafla ákvæða til bráðabirgða.

Við skiptingu á aflamarki innan flokks 2 fiskveiðiaríð 2012/2013, sbr. 18. gr. þessara laga, skal miðað við eftirfarandi töflu, verði sami heildaraflí ákveðinn og á fiskveiðiarinu 2011/ 2012:

Þorsgildistonn	Núverandi staða (2011/2012)*	Núverandi staða með öðrum tegundum í 5,3%*
Strandveiðar	6.665	6.665
Línuviltun	5.077	4.655
Byggingakvóti	6.204	3.100
Rækju- og skelbætur	2.010	1.340
Fristundaveiðar	252	335
Ráðstöfun til kvótaþings	0	15.500**
Aframeldi, þorskur	420	420
Samtals	20.628	36.015
* Makrill er ekki talinn með.		
** Að auki koma til ráðstöfunar 4.500 tonn af þorski, sbr. 3. mgr.		



Ekki er gert ráð fyrir að magntölur til annarra ráðstafana en til kvótaþings taki breytingum þótt heildarafli verði aukinn.

Verði heildarafli þorsks á fiskveiðiarinu 2012/2013 ákveðinn meiri en afli yfirstandandi árs, þ.e. 177.000 tonn, skulu fyrstu 4.500 tonninn af þeirri aflaaukningu renna til flokks 2 á því fiskveiðiarí áður en til skiptingar kemur milli flokks 1 og flokks 2 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða II, sbr. einnig ákvæði 8., 11. og 18. gr.

Fyrirhuguð skerðing á línuívilnun, byggðakvóta og rækju- og skelbótum er alls óviðundandi og harðlega mótmælt. Vísað er til þess að fyrrgreindar bætur og sérákvæði hafa komið sem mikil og góð leiðrétting á þeim byggðahalla sem mjög víða hefur orðið vegna tilflutnings á kvóta. Þótt tími líði frá því umræddur kvóti var fluttur eða skertur er fjarri því að þær byggðir hafi rétt úr kútnum og full þörf á áframhaldandi stuðningi. Línuívilnun hefur verið mjög atvinnuskapandi og komið sér vel í varnarbaráttu sjávarbyggða. Lækkun á þessum úthlutunum eru því í fullkominni andstöðu við b) og c) liða 1. gr. laganna.

Í viðaukanum er gert ráð fyrir að rækju- og skelbætur minnki umtalsvert. Efsú minnkun byggir á hugmyndum um að draga verulega úr eða fella niður bætur til útgerða sem misstu forsendur fyrir rekstri sínum þegar skelveiðum og veiðum á innfjarðarrækju var hætt er ljóst að gera verður þá kröfu að umræddar útgerðir fái úthlutað þeim aflaheimildum sem þær voru sviptar á sínum tíma í skiptum fyrir veiðileyfi á skelfiski og innfjarðarrækju.

Sveitarstjórn hefur haft til skoðunar að beita sér fyrir uppsetningu fiskvinnslu í samstarfi við fyrirtæki í þeirri grein og hefur m.a. grundvallað hugmyndir sínar á að byggðakvóti hafi verið festur í sessi. Með þeirri skerðingu sem augljóslega er stefnt að og kemur fram í viðauka við frumvarpið eru þær hugmyndir alls óraunhæfar og að engu orðnar.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Skagastrandar

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri.